

um fáí fœði á kostnað kirkjunnar. Hreppsnefndin verður að leggja út til bráðabirgða 32 þennan kostnað sje hann nauðsynlegur og jafna honum niður. Alíti hún, að hún hafi 21. febr. rjettar- eða sanngirniskröfu til að fá kostnaðinn endurgoldinn úr landssjóði, verður hún að fara slíks endurgjalds á leit við alþingi; en vilji hreppsnefndin ekki sætta sig við þau úrslit, er slík beiðni kynni að fá í fjárlögum landsins, er ekki annað ráð en að leita til dómstólanna.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 33 fyrirkallsfrest til sátta. — Út af fyrirspurn sáttanefndarinnar á Akureyri hafið þjer, 22. febr. herra amtmaður, leitað álits míns um það, hvort fyrirkallsfrestur til sátta í tjeðum kaupstað sje kvöldfrestur eða fjórir dagar, eins og í sveitum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að spurning um fyrirvara fyrir sáttatilraun sætir úrlausn dómstólanna; en að jeg fyrir mitt leyti er yður samdóma um, að fyrirmæli 23. greinar tilskipunar 20. jan. 1797 hafi lagagildi alstaðar hjer á landi, og heimila þau þeim, er kallaður er yrir sáttanefnd, 4 daga fyrirvara.

— Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á fátækum brauðum. — Samkvæmt 34 tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi 20. þ. m. skal 4500 kr. þeim, sem með 24. febr. 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna eru veittar fyrir árið 1882 til bráðabirgðauppbótar fátæk- um prestaköllum skipt þannig, að

		flutt: 1950 kr.
1.	Skeggjastaðir	fái 100 kr.
2.	Desjamýri	— 100 —
3.	Kálfafellsstaður	— 200 —
4.	Sandfell	— 400 —
5.	Kálfholt	— 150 —
6.	Stóruvellir	— 100 —
7.	Efri-Holtapíng	— 100 —
8.	Staður í Grindavík	— 200 —
9.	Hestþíng	— 100 —
10.	Lundur	— 100 —
11.	Hvammur í Norðurárdal	— 100 —
12.	Skarðspíng	— 100 —
13.	Gufudalur	— 100 —
14.	Sauðlauksdalur	— 100 —
flyt 1950 —		
15.	Kirkjubólspíng	fái 200 —
16.	Staður í Aðalvík	— 400 —
17.	Staður í Grunnavík	— 150 —
18.	Tröllatunga	— 100 —
19.	Tjörn á Vatnsnesi	— 100 —
20.	Hvammur og Keta	— 200 —
21.	Fell	— 200 —
22.	Goðdalir	— 100 —
23.	Stærri-Árskógur	— 100 —
24.	Miðgarður í Grímsey	— 100 —
25.	Hvanneyri	— 200 —
26.	Kvíabekkur	— 200 —
27.	Þönglabakki	— 300 —
28.	Lundabrekka	— 200 —
Alls		4500 —

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum og vísa jeg um útborgun þessara upp- bóta til ráðgjafabrjefs 11. nóvbr. f. á. (B. 161).